

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur.

Arður skiptist í 8 hluti, þannig:

Ós	$\frac{3}{8}$
Gil	$\frac{1}{8}$
Hanahóll	$\frac{1}{8}$
Mýdalur	$\frac{1}{8}$
Geirastaðir	$\frac{1}{8}$
Hóll	$\frac{1}{8}$

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um útvarpsrekstur ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 68, 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skipulag og stjórn útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík, og má auka orku hennar eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni: **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.